

## Vor- og sumarlög

### 1. Blessuð sólin elskar allt.

Hannes Hafstein.

Blessuð sólin elskar allt,  
allt með kossi vekur,  
haginn grænn og hjarnið kalt  
hennar ástum tekur.

Geislar hennar út um allt,  
eitt og sama skrifa,  
á hagan grænan, hjarnið kalt:  
Himneskt er að lifa!

### 2. Bráðum fæðast lítil lömb.

ókunnur

Bráðum fæðast lítil lömb,  
leika sér og hoppa.  
Með lítinn munn og litla vömb,  
lambagrasið kroppa.  
Við skulum koma og klappa þeim  
kvölds og bjartar nætur.  
Reka þau í húsin heim  
hvít með gular fætur.

Fuglarnir sem flýðu í haust,  
fara að koma bráðum.  
Syngja þeir með sætri raust  
sveifla vængjum báðum.  
Við skulum hlægja og heilsa þeim  
hjartans glöð og fegin  
þegar þeir koma þreyttir heim  
þúsund mílna veginn.

### 3. Í fjalladal.

ókunnur

Í fjalladal, í fjalladal  
er fagurt oft á vorin,  
er grænkar hlið og glóa blóm  
og glymur loft af svanahljómi.  
Í fjalladal, í fjalladal  
er fagurt oft á vorin.

### 4. Kveikjum eld

Lag og ljóð: Árni úr Eyjum

Kveikjum eld, kveikjum eld,  
kátt hann brennur.  
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,  
syngjum dátt.  
Örar blóð, örar blóð  
um æðar rennur.  
Blikar glóð, blikar glóð,  
brestur hátt.

Hæ, bálið brennur, bjarma á kinnar slær.  
Að logum leikur ljúfasti aftanblær.  
Kveikjum eld, kveikjum eld,  
kátt hann brennur.  
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,  
syngjum dátt.

## 5. Lóan er komin

Lag: Amerískt lag. Ljóð: Páll Ólafsson

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.  
Að kveða burt leiðindin, það getur hún.  
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,  
sólskin í dali og blómstur í tún.  
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,  
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,  
hún hefur sagt mér að vaka og vinna  
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

## 6. Mærin undi hátt í hlíð.

Mærin undi hátt í hlíð  
og hjarðar gætti ein.  
Það var um sæla sumartíð  
að sól á hagann skein.  
Þá heyrðist sagt frá grænum runn  
að gaukur þylur ljóðin kunn:  
Gú, kú, gú, kú, gú, kú.

## 7. Nú vorljóðin óma.

Nú vorljóðin óma  
og vordagar ljóma.  
Og smalinn í haga  
hann syngur og hlær.  
Tra lala lala lala lalala.  
Tra lala lala lala.

## 8. Úti mó.

ókunnur

Út í mó, inn í skóg  
upp í hlíð í grænni tó  
þar sem litlu berin lyngi vaxa á  
tína, tína, tína má.

Tína þá, berjablá  
börn í lautum til og frá  
þar sem litlu berin lyngi vaxa á  
tína, tína, tína má.

## 9. Vertu til er vorið kallar á þig

Rússneskt þjóðlag. Ljóð: Tryggvi Þorsteinsson

Vertu til, er vorið kallar á þig,  
vertu til að leggja hönd á plóg.  
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig  
sveifla haka og rækta nýjan skóg.

## 10. Við göngum mót hækkandi sól.

ókunnur

Við göngum mót hækkandi sól, sól, sól,  
og sjáum hana þýða allt er kól, kól, kól.  
:, :Svo vætlurnar streyma  
og vetrinum gleyma,  
því vorið er komið með sól, sól, sól...:

## 11. Vikivakar

Lag: Valgeir Guðjónsson. Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Sunnan yfir sæinn breiða  
sumarylinn vindar leiða  
- draumalandið himinheiða  
hlær og opnar skautið sitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,  
gáðu fram á bláu sundin  
- mundu að það er stutt hver stundin  
stopult jarðneskt yndið þitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma,  
láta sig í vöku dreyma.  
Sólskinsdögum síst má gleyma  
- segðu engum manni hitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

## **12. Þýtur í laufi**

Lag: Aldís Ragnarsdóttir. Ljóð: Tryggvi Þorsteinsson

Þýtur í laufi, bálið brennur.

Blærinn hvíslar: "sofðu rótt."

Hljóður í hafið röðull rennur,  
roðnar og býður góða nótt.

Vaka þó ennþá vinir saman  
varðeldi hjá í fögrum dal.

Lífið er söngur, glaumur, gaman.

Gleðin, hún býr í fjallasal.